

FUNDARGERÐ

280. stjórnarfundur Ríkisútværpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 28. febrúar 2025 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennir Silja Dögg Gunnarsdóttir, Ingvar Smári Birgisson, Mörður Áslaugarson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Þráinn Óskarsson, Aron Ólafsson, Margrét Tryggvadóttir og Rós Kristinsdóttir. Marta Guðrún Jóhannesdóttir sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Anna María Benediktsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útværpsstjóri, Björn Þór Hermannsson fjármálastjóri og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir

Fundargerð nr. 279 var lögð fram og samþykkt.

2. Fjármál

Fjármálastjóri fór yfir uppgjör fyrir janúarmánuð. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði var tæplega 4 m.kr. janúar sem var lítillega lakari afkoma en gert var ráð fyrir. Frávirkin séu fyrst og fremst vegna viðhalds í húsrekstri og vegna innkaupa í mótneyti.

Tekjur voru á pari í janúar. Auglýsingatekjur voru tæplega 7 m.kr. undir áætlun en á móti voru þjónustutekjur og aðrar tekjur riflega 7 m.kr. umfram áætlun. Fjármagnsliðir voru 16 m.kr. umfram áætlun í janúar. Skýringin er alfarið fólgin í gengisveikingu í janúar en gengið hafði þar á undan styrkt umtalsvert undir lok árs 2024.

Að teknu tilliti til afskrifta nam taprekstur í janúar um 77 m.kr. Það sé um 20 m.kr. lakari afkoma en áætlun mánaðarins gerði ráð fyrir. Gert sé ráð fyrir að frávirkni í janúarmánuði, þ.m.t. í fjármagnsliðum, jafnist út þegar líður á árið. Í þessu samhengi var vakin athygli á því að fyrstu tveir mánuðir ársins séu jafnan þyngri í rekstri RÚV en aðrir mánuðir og að svo stöddu sé ekki tilefni til að endurskoða afkomuáætlun ársins sem gerir ráð fyrir 100 m.kr. hagnaði.

Tekist hefur að rétta úr sjóðstöðu félagsins og sé hún að þróast með svipuðum hætti og árin 2022 og 2023 þar sem tókst að ná upp ágætri sjóðstöðu í upphafi ársins. Mikilvægt sé að tryggja að félagið hafi nægt svigrúm til að geta mætt sveiflum í sjóðstöðu innan ársins s.s. vegna ófyrirsjánlegra atburða.

Fjárfestingar séu áætlaðar um 430 m.kr. á þessu ári. Umfang fjárfestinga duga rétt fyrir áætluðum afskriftum ársins en þær nema um 420 m.kr. Við vinnslu áætlunarinnar var samhliða reynt að leggja mat á fjárfestingabörf komandi ára. Niðurstæða þess mats er að fjárfestingabörf komandi ára er margföld á við það sem unnt verður að fjárfesta í ár. Það á við um allar þrjár meginstoðirnar þ.e. fjárfestingar sem varða tæknideildir, framleiðslu og húsnæði.

Stjórn ræddi húsnæði RÚV og hvort það væri hagkvæmara fyrir RÚV að koma sér fyrir í öðru húsnæði. Útværpsstjóri nefndi í því samhengi að stjórn RÚV hafi skipað á árinu 2022 vinnunefnd stjórnar til þess að skoða framtíðarskipulag húsnæðismála hjá RÚV. Unnin var greining á þeim verðmætum sem felast í núverandi húsnæði og lóðarréttindum. Niðurstæða þeirra vinnu var að RÚV þurfi að vinna að þarfagreiningu um húsnæðisþörf RÚV. RÚV sé í dag í 16.000 fm húsnæði og ef RÚV kæmist af með 7.000 fm þá væri það mögulega hagkvæmara fyrir RÚV að koma sér fyrir í öðru húsnæði.

3. Kynning sviða: Fjármáladeild og húsnæðisrekstur

Björn Þór Hermannsson fjármálastjóri kynnti starfsemi fjármáladeilda og húsnæðisrekstur.

WAT
Um
HÖJ DAR
1313

4. Minnispunktar útvärpsstjóri

Útvärpsstjóri gerði grein fyrir Söngvakeppni sjónvarpsins sem haldin var í Gufunesi þrjú laugardagskvöld í febrúar. Framlag Íslands í Eurovision var valið á lokakvöldinu. Lagið RÓA með VÆB varð fyrir valinu, en nýtt fyrirkomulag við val á framlagi Íslands var notað núna, sem er sama fyrirkomulag og notað er í Melodifestivalen í Svíþjóð og hefur jafnframt verið tekið upp í lokakeppni Eurovision. Lagið sem varð fyrir valinu varð í efsta sæti bæði hjá alþjóðlegri dómnefnd og almenningi í síma og appkosningu. Mikil áhorf var öll kvöldin, lokakvöldið var t.d. með 59% uppsafnað áhorf. Sömuleiðis var mikil þátttaka í símakoosningu undanúrlitakvöldin, en þar sem hið svonefnnda einvígi var tekið út var þátttaka í kosningu almennings lægri úrlitakvöldið. Umræður hafa vaknað um líkindi lagsins við annað lag, og er það mál í farvegi hjá höfundum og útgefanda lagsins.

Útvärpsstjóri gerði grein fyrir því að RÚV hefði fengið viðurkenningu á degi íslenska táknumálsins sem haldinn var hátíðlegur 11. febrúar sl. Viðurkenningin frá RÚV var fyrir stuðning í þágu íslensks táknumáls á liðnum árum og áratugum. Í umsögn frá málhöfum segir að RÚV hafi fyrir 40 árum verið í hópi þeirra fyrstu á Norðurlöndum sem buðu uppá táknumálsfréttir. Nú væri allur fréttatími táknumálstúlkaður ásamt fleira fréttatengdu efni. Aðgengi að slíku efni hafi því aukist verulega, bæði fyrir börn og fullorðna.

Farið var yfir stöðu vinnu við landsbyggðarstefnu sem hefur verið í gangi um skeið. Samtal sé nú í gangi við hagaðila um land allt, fundur með Austurbrú fyrir stuttu hefði verið nýttur til þess að fara yfir þessi mál. Markmiðið sé að ljúka vinnu við gerð stefnunnar og aðgerða áætlunar, sem m.a. byggist á áherslum í þjónustusamningi, síðar á þessu ári.

Þessu næst var farið yfir áhorf á HM í handbolta í janúar og sömuleiðis farið yfir ítarlegar upplýsingar um fjölmölda á Íslandi 2024, stöðu og þróun, m.a. á auglýsingamarkaði, áhorfs- og hlustunartölur í útvarpni og sjónvarpi, stöðu dagblaða og netmiðla og helstu niðurstöður neyslukönnunar Gallup um áskriftir, notkun samfélagsmiðla o.fl.

Að lokum var gerð grein fyrir því að boð til þingflokkja um heimsókn til Ríkisútværpsins hefðu verið endurnýjuð að loknum kosningum og þegar væri búið að skipuleggja heimsóknir hluta þeirra. Vinna við jafnlaunavottun og endurskoðun jafnréttisáætlunar væri í fullum gangi og að síðustu var gerð grein fyrir stöðu í vinnu vinnuhóps um RÚV á auglýsingamarkaði og LSR lánið.

5. Önnur mál

Stjórnarmaður (ISB) óskaði eftir upplýsingum á fundi stjórnar í desember sl. um hvaða viðmið RÚV hefði þegar það kæmi að kostaðri umfjöllun. Í tengslum við þá fyrirspurn var lagt fram minnisblað fyrir stjórn. ISB, AÓ, MÁ, RK og ÞÓ bókuðu eftirfarandi: „Varhugavert er að taka við styrkjum frá hagsmunaðilum í tengslum við dagskrárgerð. Í því sambandi vísast til LIFE ICEWATER verkefnisins, þar sem fyrirhugað er að stofnunin fái styrk frá Evrópusambandinu í tengslum við umfjöllun sína um verkefnið, sem lýtur að því markmiði að efla og flýta innleiðingu vatnaáætlunar á Íslandi. Hvatt er til þess að stofnunin móti sér viðmið um í hvaða tilvikum sé tekið við styrkjum í tengslum við dagskrárgerð.“

Að beiðni eins stjórnarmanna (MT) gerði útvärpsstjóri grein fyrir því að vegna upplýsinga sem birst hefðu í fjölmöldum um afstöðu ríkisútværpsins í Slóveníu til þátttöku ísrael ska ríkissjónvarpsins í Eurovision hefði málíð verið kannað hjá EBU og þangað hefði engin áskorun borist frá RTV í Slóveníu eða öðrum aðildarstöðvum EBU vegna þátttöku ísraela í keppninni. Umræða hefði verið um málíð á vettvangi ráðgjafaráðs RTV í Slóveníu en það hefði ekki leitt til niðurstöðu. Útvärpsstjóri gerði grein fyrir því að líkt og áður væri náið samstarf um þessi mál á milli almannajónustumiðlanna á Norðurlöndum og sömuleiðis vel fylgst með stöðu og þróun mála á vettvangi EBU. Ísland hefði tekið virkan þátt í þeiri vinnu sem hefði verið unnin á úrbótum á framkvæmd keppninnar og komið sjónarmiðum sínum þar vel á framfæri.

AS
MT
BB DR

MÁ lagði fram tillögu sína um að setja ályktun sína á dagskrá fundarins: „Stjórn RÚV ályktar að vísa skuli ísraelska ríkisútvarpinu KAN úr Eurovision keppninni. KAN útvarpar einh liða áróðri til að breiða yfir og afsaka voðaverk ísraelska ríkisins á Gaza og gengur með því gegn megingildum evrópskrar menningar sem EBU hefur til grundvallar í sínu starfi. KAN skaðar þannig orðspor EBU með framferði sínu og ætti því ekki að fá að taka þátt í Eurovision. KAN starfar ekki eftir gildum evrópskra almenningsmiðla fremur en rússneskir almannamiðlar gerðu þegar þeim var vísað úr keppninni og skuli því KAN meinoð þátttaka á sömu forsendum.“

Stjórnin afgreiddi málið með þeim hætti að þrír stjórnarmenn vildi fá ályktunina á dagskrá fundarins, þrír stjórnarmenn voru mótfallnir því og þrír sátu hjá.

Í framhaldi af þessari umræðu bókuðu MT, DÁZ og MGJ eftirfarandi: „Útvarpsstjóri er hvattur til þess að hann meti stöðuna reglulega eins og gert hefur verið hingað til og nýti allar leiðir til þess að þrýsta á EBU til að setja þeim ríkjum sem gerast sek um stríðsglæpi skorður og útiloka þau frá þátttöku í Eurovision.“

SDG vék af fundi.

6. Sérumræða um málið sem var til rannsóknar hjá löggreglunni á Norðurlandi eystra.

Umræddur dagskrárlíður var tekinn fyrir að ósk eins stjórnarmanna (ISB).


Útvarpsstjóri gerði grein fyrir að hvorki hann né aðrir stjórnendur Ríkisútvarpsins, þ. á m. skrifstofustjóri, hafi vitneskju um málið umfram það sem fram hefur komið opinberlega og í rannsóknargögnum. Þrjú erindi hefðu borist frá löggreglunni til útvarpsstjóra með beiðni um upplýsingar og gögn. Fyrsta erindið barst 4. janúar 2023 og var því svarað 11. janúar 2023. Annað erindið barst 12. janúar 2023 og var því svarað 14. mars 2023. Allar fullyrðingar um að rannsókn málsins hefði tafist af þessum ástæðum væru því rangar. Þá væri ekki rétt að tiltekið símanúmer sem notað var af fréttamönnum Kveiks hefði verið skráð í apríl 2021, heldur var það fyrst skráð árið 2018.

Útvarpsstjóra vitandi lægi ekki fyrir á grundvelli löggreglurannsóknarinnar hvort síminn sem um ræðir í málinu hefði verið afritaður, og ef svo hefði verið, hver hefði gert það og/eða dreift efni úr honum. Jafnframt lægi fyrir að sakborningar málsins, þ. á m. fyrrverandi ritstjóri Kveiks, sem hættur væri störfum, neituðu að tjá sig fyrir löggreglu í samræmi við þeirra réttindi og að gættum reglum um vernd heimildarmanna. Engin leið værifyrir útvarpsstjóra að staðhæfa, af eða á, hvort og þá hver hugsanlega aðkoma starfsmanna RÚV á sínum tíma hefði verið.

Jafnframt minnti útvarpsstjóri á yfirlýsingu hans og fréttastjóra frá því í febrúar 2022, þegar rannsókn löggreglu hófst, í tengslum við umræðu um þau viðmið sem giltu við móttöku blaða- og fréttamanna á gögnum og upplýsingum. Í þeirri yfirlýsingu kom fram að forsenda fyrir því að fjölmíðlar gætu rækt hlutverk sitt er að þeir geti aflað upplýsinga um mál sem hafa þýðingu fyrir almenning og miðlað þeim. Einn þáttur í þessu sjálfstæði fjölmíðla er að þeir geti tekið við slíkum upplýsingum í trúnaði án þess að þurfa að gera grein fyrir hvaðan eða frá hverjum þær stafi, líkt og staðfest hefur verið í dóum Hæstaréttar og dóum Mannréttindadómstóls Evrópu.

ISB bókaði eftirfarandi: „Mikilvægt er að Ríkisútvarpið bregðist umfram það sem þegar hefur verið gert við þeim alvarlegu ásökunum, sem eru hafðar uppi gagnvart stofnuninni í málinu. Um alvarlegar ásakanir er að ræða sem nauðsynlegt er að svara með skilmerkilegum hætti og ítarlegri upplýsingagjöf, með það að markmiði að staðreyndir málsins liggi fyrir og málið verði upplýst eins og kosturer. Þannig telur undirritaður að best megi verja orðspor og heiður Ríkisútvarpsins.“

Fundi slitið.


The image shows three handwritten signatures in blue ink. The top signature is "Þórarinn Þ. Ingvarsson". Below it is "Ólafur Árnaldur L. Þórarson". To the right of those is another signature, partially obscured by the first two, which appears to be "Þórarinn Bragi Þorsteinsson".